

Aðalfundur foreldrafélags Álftanesskóla

27.september 2011

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Kosning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara
3. Formaður flytur skýrslu stjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins
5. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera
6. Lagabreytingar

Lög félagsins er að finna á:

http://www.alftanesskoli.is/default.asp?sid_id=16524&tre_rod=027|002|005|&tId=1)

7. Kosning stjórnar félagsins
8. Kosning skoðunarmanna ársreiknings
9. Kosning tveggja fulltrúa foreldra í skólaráð
10. Önnur mál

Núverandi stjórnarmeðlimir:

1. Guðmundur Rúnar Kristjánsson formaður
2. Einar Karl Birgisson gjaldkeri
3. Sigrún Edda Eðvarsdóttir ritari
4. Telma Sigtryggisdóttir meðstjórnandi
5. Guðríður Anna Kristjánsdóttir meðstjórnandi
6. Björk Inga Magnúsdóttir meðstjórnandi
7. Sólveig Guðfinnsdóttir meðstjórnandi

Setning fundar kl. 20:00

Einar Karl gjaldkeri foreldrafélagsins fór yfir dagskrá fundarins og bauð fundargesti velkomna.

Kosning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara.

Fundurinn samþykkti að Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og Einar Karl Birgisson yrðu fundarstjórar í sameiningu og Telma Sigtryggisdóttir ritari fundarins.

Formaður flytur skýrslu aðalstjórnar

Sigrún Edda ritari foreldrafélagsins bauð fundargesti velkomna og kynnti ársskýrslu foreldrafélagsins. Sigrún kynnti meðal annars markmið foreldrafélagsins, stjórn og helstu verkefni stjórnar. Hún ræddi samstarf við foreldra og kynnti hin ýmsu störf stjórnar foreldrafélagsins. Foreldrafélagið heldur reglulega fundi og heldur t.d. utan um foreldraröltið og kemur bekkjarfulltrúum af stað í sínu starfi. Á árinu styrkti foreldrafélagið forvarnar leiksýninguna „Hvað ef“ sem haldin var fyrir 8, 9 og 10.bekk, borgaði fyrir stjórnuver sem er fyrir nemendur í 3. 6. og 9. bekk, kom að öskudeginum með því að kosta hoppukastala en skóli og nemendur hafa komið með virkari hætti að undirbúningi dagsins, skipulagði páskaþing, úthlutaði styrkjum og héldi utan um jóla og góðgerðardaginn.

Sigrún Edda talaði um fjármögnun foreldrafélagsins sem fer meðal annars fram með því að árlega eru sendir greiðsluseðlar á alla foreldra skólans og haldið er árlegt páskaþing að ógleymdum jóla og góðgerðardegi.

Hún fór yfir hvað væri framundan hjá foreldrafélaginu eins og frekara samstarf við bekkjarfulltrúa, rýnivinna með foreldrum, starfsáætlun, styrkja tengsl við önnur foreldrafélög og yfirfara lög félagsins.

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins

Einar Karl Birgisson gjaldkeri foreldrafélagsins lagði fram reikninga félagsins og gerði grein fyrir þeim. Rekstar- og efnahagsreikningur var sýndur á glærum. Tekjur voru alls kr. 463.832 sem samanstóðu af hagnaði Páskaþings, foreldraframlögum og vöxtum af bankareikningi. Gjöld voru alls kr.464.636 sem samanstóðu af kostnaði vegna páskaþings, öskudags, stjórnvers, styrkjum og bankakostnaði. Jóla og góðgerðardagurinn kostaði foreldrafélagið ekkert í ár en í fyrra kostaði hann félagið um 210.þúsund kr. Foreldrafélagið stendur ágætlega eftir síðastliðið skólaár og á í dag um 176.000 kr. inn á reikningi félagsins.

Einar Karl tók fram að foreldrafélagið hafi ákveðið að standa ekki fyrir neinum fyrirlestrum í ár vegna lélegrar mætingar síðastliðin ár.

Umræður um skýrslur stjórnar og gjaldkera

Spurt var úr sal hvort að peningar sem að 7.bekkur sé búin að safna sér fyrir vegna fyrirhugaðar ferðar til Reykja(er búíð að aflýsa þessari ferð vegna yfirvinnubanns kennara) verði nýttir í eitthvað annað fyrir þau? Sveinbjörn svarar þessari spurningu á þann hátt að þessir peningar séu inn á reikning og verði notaðir í þeirra þágu. Sveinbjörn vísar í bréf sem að hann sendi bæjarstjóra vegna ferða á vegum skólans sem búíð er að aflýsa.

Spurt var úr sal hvort að foreldrar geti samið við kennara um að fara í ferð til Reykja?

Sveinbjörn fer nánar út í þetta og segir t.d. að búíð sé að skera þessar ferðir niður í mörgum skólum á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal í Hafnarfirði.

Mikil umræða skapaðist um fyrirhugaða ferð 7. 9. og 10 bekkjar á vegum skólans í ljósi yfirvinnubanns kennara.

Sveinbjörn þakkaði fyrir frábært samstarf við foreldrafélagið á árinu. Hann minnst á að foreldraröltið hafi ekki gengið eins vel í ár og í fyrra meðal annars vegna mannabreytinga á árinu hjá íþrótta og tómstundaráði sem hefur verið eins konar milliliður í þessu.

Skýrsla foreldrafélagsins var samþykkt með lófaklappi.

Lagabreytingar

Sigrún Edda ræddi um mikilvægi þess að stofna laganefnd með þátttöku áhugasamra foreldra til að yfirfara lög félagsins. Þörf væri á að yfirfara lögin en samkvæmt lögum félagsins þarf að kynna allar lagabreytingar í aðalfundarboði. Á fundinum kom tilnefning um Boga Hjálmtýsson í nefndina.

Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Þá var komið að kosningu stjórnar. Eftirfarandi aðilar gáfu ekki kost á sér í áframhaldandi stjórn foreldrafélags Álftanesskóla:

- Guðmundur Rúnar Kristjánsson
- Sólveig Guðfinnsdóttir

Eftirfarandi aðilar gefa áfram kost á sér í stjórn foreldrafélags Álftanesskóla:

- Einar Karl Birgisson
- Telma Sigtryggsdóttir
- Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
- Guðríður Anna Kristjánsdóttir
- Björk Inga Magnúsdóttir

Tveir nýjir aðilar voru kosnir í stjórn foreldrafélagsins en þeir eru Linda Pétursdóttir og Eiríkur Ágúst Guðjónsson.

Ný stjórn foreldrafélagsins fyrir veturinn 2011-2012 var samþykkt með lófaklappi.

Skoðunarmaður ársreikninga síðasliðin ár hefur verið Birgir Óli Einarsson. Birgir Óli Einarsson gaf ekki kost á sér áfram og var honum þakkað fyrir sín störf.

Anney Bærings var kosin nýr skoðunarmaður ársreiknings.

Kosning fulltrúa í skólaráð

Í skólaráði sitja skv. Lögum um grunnskóla: tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi starfsmanna skólans, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar foreldra, einn fulltrúi meðal íbúa

sveitafélagsins eða þriðji fulltrúi foreldra og skólastjóra. Samtals 9 fulltrúar. Skólastjóri er ábyrgur fyrir skólaráði.

Síðasta ár voru fulltrúar foreldra í skólaráði: Guðjón Andri Kárason, Steinunn Böðvarsdóttir og Guðríður Anna Kristjánsdóttir.

Steinunn Böðvarsdóttir gaf ekki kost á sér áfram en Guðjón Andri Kárason gaf aftur kost á sér til tveggja ára.

Fulltrúar foreldra í skólaráði skólans næsta skólaár eru: Guðríður Anna Kristjánsdóttir, Guðjón Andri Kárason, og Ragnhildur Hauksdóttir en Guðjón og Ragnhildur eru kosin til tveggja ára.

Önnur mál

Íris Ósk Hafþórsdóttir umsjónarmaður Félagsmiðstöðvarinnar kynnti sig, fulltrúa nemendaráðs, starfsmann félagsmiðstöðvarinnar og íþrótt og tómstundarfulltrúa Álftaness.

Segir frá starfi félagsmiðstöðvarinnar. Talar um að félagsmiðstöðin hafi ekki verið að ganga vel síðastliðið ár en nú sé búið að taka svolítið til, mála og gera féló áhugaverðari fyrir nemendur skólans. Minnst á lengri opnunartíma á föstudögum og hve ánægjulegt sé að vinna með þessum krökkum. Talar um þáttöku féló í forvarnarfræðslu og jákvæðum samskiptum við krakkana. Íris kynnti nýja heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar www.felo.is.

Íris talar um gildi þess að féló sé öruggur staður fyrir nemendur og gildi þess að foreldrar viti að krakkarnir séu örugg í féló og viti hvað sé í gangi hverju sinni. Krakkarnir fá ekki að rápa inn og út úr féló og leitað er á þeim þegar að haldin eru böll. Tekur fram að þau treysti börnunum samt sem áður.

Kjartan Örn Sigurðsson formaður fræðslunefndar tók til máls og sagði frá frá störfum nefndarinnar og fyrirhuguðu skólapingi. Kjartan telur gríðarlega mikilvægt að gott samstarf sé á milli foreldra og skólanefndar. Minnst á að auðvelt sé fyrir foreldra að koma á framfæri sínum skoðunum og hafa áhrif. Mikið lýðræði sé nú við lýði í skólastarfi Álftnesinga.

Sigrún Edda þakkaði að lokum foreldrum fyrir mjög góða mætingu og minnti á opið hús í Féló þar sem fulltrúar nemenda biðu með veitingar handa þeim sem vildu koma og kynna sér aðstöðu og starfsemi félagsmiðstöðvarinnar.